

Ályktun lækna ráðs Landspítala

24. september 2014

Þjóðarsjúkrahúsið okkar

Lækna ráð Landspítala lýsir enn og aftur furðu sinni og gífurlegum vonbrigðum með skilningsleysi ráðamanna þjóðarinnar á vanda Landspítalans, sem endurspeglast í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi fyrir árið 2015.

Eins og lækna ráð Landspítala, framkvæmdastjórn spítalans og önnur fagfélög lækna hafa endurtekið bent á undanfarin ár er ljóst að staðan á Landspítala eftir langvinnt fjársveldi er algjörlega óásættanleg fyrir sjúklinga og starfsmenn spítalans. Aðbúnaður sjúklinga er óásættanlegur, eðlilegu viðhaldi og endurnýjun á tækjabúnaði spítalans er ábótavant, viðhaldi á húsnæði spítalans hefur ekki verið sinnt og atgervisflótti lækna frá spítalanum er raunveruleiki, eins og kemur fram í nýjum tölulegum upplýsingum frá Læknafélagi Íslands og Landlækni. Þetta leiðir til aukins álag á starfsmenn sem ýtir enn frekar á landsflóttu þeirra lækna sem eftir eru. Nauðsynlegt er að gera Landspítala að samkeppnishæfum vinnustað fyrir lækna til að sporna gegn þeirri þróun.

Að okkar mati er þjóðarsátt um það að styrkja þessa grunnstoð íslensks heilbrigðiskerfis sem Landspítalinn er. Það verður ekki gert nema með verulega auknu fjármagni til reksturs spítalans og fyrir nýjum framkvæmdum. Ekki er nægilegt að halda í horfinu heldur þarf verulega innspýtingu af fjármagni til að snúa þessari óheillaþróun við. Stjórn lækna ráðs Landspítala telur mikilvægt að hefja framkvæmdir á nýjum spítala sem fyrst en engar áætlanir eru um slíkt í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015.

Lækna ráð Landspítala skorar á Alþingi Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 með það að leiðarljósi að setja Landspítalann í forgang og tryggja honum nauðsynlega fjárveitingu til að hefja þá uppbyggingu sem er svo nauðsynleg starfseminni.